

✉ Re: FW: Ósk um umsögn v/ Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón - 1610007

Búið til	13.8.2020 10:04:06
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	13.8.2020 10:04:06
Tilheyrir	📁 202007-0010 - Ósk um umsögn v/ Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón - 1610007

Efni

Re: FW: Ósk um umsögn v/ Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón - 1610007

Upplýsingar

Sent	13.8.2020 10:04:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gunnar@utu.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202007-0010 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita, dags. 8. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél og baðlón í landi Efri-Reykja.

Náttúrufræðistofnun hefur áður komið að þessu máli og fagnar því að tekið hefur verið tillit til ýmissa athugasemda stofnunarinnar og annarra s.s. að færa mörk skipulagsins fjær Brúará úr 75 m í 100 m. Einnig eru skilmálar deiliskipulagsins skýrari hvað varðar náttúruvernd, mengunarvarnir, vöktun og samvinnu við heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að í stað þess að segja í kafla um gróðursetningu: „Uppistaðan af trjágróðri verður birki og þær tegundir sem fyrir eru í næsta nágrenni. Í hreinsitjörnunum munu eingöngu vera notaðar plöntur sem vaxa á Íslandi.“ Þá ætti frekar að hafa skilmálana með meira afgerandi hætti: „Uppistaðan af trjágróðri verður birki og þær tegundir sem fyrir eru í næsta nágrenni. **Í hreinsitjörnunum munu eingöngu vera notaðar plöntur sem ekki teljast framandi fyrir náttúru Ísland sbr. lög umnáttúruvernd.**“

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna. Til upplýsingar um almenna afstöðu stofnunarinnar til málsins á fyrri stigum fylgir hér umsögn hennar frá 14. janúar sl. til Skipulagsstofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna hótels og baðlóns.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: Gunnar Aron Ólason
Sent: miðvikudagur, 8. júlí 2020 14:06
To: ust@ust.is; hsl@hsl.is; uggi@minjastofnun.is; kristinn@minjastofnun.is; sigrun@hsl.is; axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is; rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is; Erna Bára Hreinsdóttir <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; vegagerdin@vegagerdin.is; rarik@rarik.is; fiskistofa@fiskistofa.i; skipulag@skipulag.is; 'ni@ni.is' <ni@ni.is>
Subject: Ósk um umsögn v/ Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón - 1610007

Sæl öll.

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu v/ Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón.

Deiliskipulagstillagan hefur verið auglýst sbr. <https://www.utu.is/skipulagsauglysing-sem-birtist-8-juli-2020/> (<https://www.utu.is/skipulagsauglysing-sem-birtist-8-juli-2020/>)

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Efri-Reykir – Hótelbygging og baðlón – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna hótels og baðlóns í landi Efri-Reykja. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir að byggð verði baðlón og hótél. Einnig er gert ráð fyrir að byggð verði starfsmannahús innan svæðisins. Málið hefur áður verið auglýst árið 2018 og er nú auglýst á nýjan leik þar sem meira en ár er liðið frá síðustu auglýsingu skipulagsins. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunnar er varðar ákvörðun um hugsanlega matsskyldu verkefnisins.

Bestu kveðjur,

Gunnar A. Ólason
Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni
Sími: 480 5550
Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)

Viðhengi

Efri-Reykir-umsögn-NÍ-14.01.2020.pdf (96 KB)

image001.gif (2 KB)